

---

## Minnisblað

Dagsetning: 22. mars 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum á landamærum vegna COVID-19.**

---

Þann 16. mars, 2021 tók gildi reglugerð nr. 286/2021 um breytingu á reglugerð nr. 161/2021 um sóttkví og einangrun við landamæri vegna COVID-19. Breytingin felur í sér að allir einstaklingar utan EES/EFTA svæðisins muni njóta sömu réttinda og þeir sem eru innan svæðisins hvað varðar undanþágur frá aðgerðum á landamærum ef þeir framvísa vottorði um bólusetningu gegn COVID-19 eða vottorði um yfirstaðna sýkingu af völdum COVID-19. Þessi reglugerð var sett skv. tillögu sóttvarnalæknis frá 13. mars sl. en á þeim tíma voru ytri landamæri Schengen lokuð íbúum utan EES/EFTA svæðisins nema þeim sem áttu hingað brýn erindi.

Þann 19. mars 2021 boðaði dómsmálaráðuneytið nýja reglugerð nr. 303/2021 sem tekur gildi 26. mars 2021 og undanskilur einstaklinga utan EES/EFTA svæðisins frá öllum takmörkunum á ferðalögum til landsins hafi þeir gild vottorð um bólusetningu gegn COVID-19 eða vottorð um fyrri sýkingu af völdum COVID-19. Vottorðin þurfa hins vegar að vera samkvæmt 6. gr. reglugerðar um sóttkví, einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19 frá 19. febrúar 2021 en þar kveður á um að vottorðin skuli uppfylla kröfur sem gefnar eru út af sóttvarnalækni. Ég tel ákveðna áhættu tekna með því að reglugerðin taki gildi með svo skömmum fyrirvara hvað varðar smit erlendis frá og teldi betur fara á því að hægar yrði farið í opnun landamærana.

Á undanförunum vikum hefur vel tekist að halda smitum í lágmarki hér á landi sérstaklega þegar hafður er í huga sá mikli vöxtur sem sést í faraldrinum víða erlendis. Ástæður þessa eru vafalaust þær að almenningur hefur sýnt mikla samheldni við að framfylgja opinberum sóttvarnaaðgerðum. Þau smit sem greinst hafa innanlands að undanförunu tengjast smituðum ferðamönnum og fullyrða má að oft á tíðum mátti litlu muna og mikil mildi að þessi smit hafi ekki hrundið af stað stærri hópsýkingum. Síðustu dagana hefur hins vegar orðið fjölgun á smitum innanlands sem ekki hefur tekist að rekja og vekur það ugg um að í uppsiglingu kunni að vera stærri faraldur. Alvarleg veikindi af völdum COVID-19 hafa verið fátíð en þó hafa nokkrir einstaklingar þurft á innlögn á LSH að halda undanfarna daga vegna alvarlegra veikinda, allt einstaklingar sem greinst hafa á landamærum.

Á sama tíma og smit eru fátíð innanlands þá hefur þeim fjölgað á landamærum og suma daga hafa allt að 10 einstaklingar greinst. Flestir af þeim framvísuðu neikvæðu PCR prófi við komu, reyndust neikvæðir í fyrstu skimun en síðan jákvæðir í skimun tvö. Þetta bendir til þess að margir hafi smitast skömmu fyrir komu hingað til lands og eru þess vegna neikvæðir í fyrstu prófum. Ástæðan er vafalaust sú mikla útbreiðsla COVID-19 í flestum af okkar nágrannalöndum.

Að mínu mati stafar nú helst hættu á útbreiddum innanlands faraldri af því, að illa takist að stöðva smit á landamærum. Mikið ríður því á við náum að beita áhrifaríkum aðgerðum á landamærunum til að lámarka enn frekar áhættu á smiti. Þó vel hafi tekist til með að koma í veg fyrir smit frá ferðamönnum þá er hægt að bæta ákveðnar aðgerðir án þess að þær verði of íþyngjandi.

Ég legg því til eftirfarandi aðgerðir á landamærum og að þær taki gildi sem fyrst:

1. Reglugerð nr. 286/2021 um breytingar á reglugerð um sóttkví, einangrun og sýnatöku á landamærum nr. 161/2021 gildi áfram þar til reglugerð dómsmálaráðuneytisins mun taka gildi.
2. Þegar reglugerð dómsmálaráðuneytisins tekur gildi þá muni sóttvarnalæknir tilgreina í leiðbeiningum um vottorð varðandi fyrri sýkingu af völdum COVID-19 og bólusetningar gegn COVID-19, að einungist vottorð frá löndun innan EES/EFTA, Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada verði tekin gild. Þetta verði tímabundin ráðstöfun þar til að frekari reynsla kemst á þetta fyrirkomulag en þá verði vottorð frá fleiri löndum tekin gild. Farþegum frá löndum sem ekki eru á þessum lista verði gert að framvísa neikvæðu PCR prófi við byrðingu og við komu ásamt því að undirgangast tvær skimanir með fimm daga sóttkví á milli. Prófið má ekki vera eldra en 72 klst. gamalt.
3. Einstaklingar sem framvísa vottorðum sem losa þá undan gildandi aðgerðum á landamærum þurfi að undirgangast eina skimun gegn COVID-19 við komuna hingað til lands. Þetta er lagt til í ljósi þeirrar reynslu að fyrir nokkrum dögum greindist bólusettur farþegi með SARS-CoV-2 veiruna í nefkoki. Þó að ólíklegt sé talið að bólusettir einstaklingar og þeir sem sýkst hafa af covid beri með sér veiruna þá hafa rannsóknir ekki sýnt það óyggjandi enn sem komið er. Þetta fyrirkomulag mun hjálpa við að skera úr um þetta atriði og á sama tíma lámarka áhættuna á að veiran berist hingað til lands. Þetta er sérstaklega mikilvægt á þessari stundu þar sem að faraldurinn er í miklum vexti víðast hvar og ný afbrigði veirunnar eru að koma fram. Á þessari stundu er óljóst hvort þessi nýju afbrigði sleppi undan vörnum núverandi bóluefna eða fyrri sýkinga.
4. Ég legg til að víðtækt samráð verði haft við landamæraverði, lögreglu, almannavarnir, Sí og Rauða Krossinn um hvort hægt sé að skylda flesta/alla þá sem hingað ferðast til að dvelja í sérstöku húsnæði á meðan sóttkví/einangrun stendur. Í þessu húsnæði yrði komið á öflugum eftirliti með að allir haldi þær leiðbeiningar sem í gildi eru. Ástæðan fyrir þessari tillögu er sú að í ljós hefur komið að í mörgum tilfellum er meðferðarheldni í sóttkví hjá þeim sem hingað koma ábótavant. Þetta hefur leitt til frekari smita og jafnvel til lítilla hópsýkinga sem auðveldlega hefðu getað þróast í stærri faraldra.
5. Öll börn fædd 2005 og síðar undirgangist eina sýnatöku á landamærum hvort sem þau eru bólusett eða ekki og hvort sem þau hafa fengið COVID-19 eða ekki.